

Sveitarfélagið  
ÁRBORG



Sveitarfélagið Árborg

# RÝMINGARÁÆTLUN

Eldvarnir

*LEIKSKÓLINN GODHEIMAR*



Ágúst 2026

**Símanúmer:**

Neyðarlínan..... 112

Öryggismiðstöðin.....530-2400

Brunavarnir Árnessýslu....480-0900

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Rýmingaráætlunir .....	3
Viðvörðunarkerfi Goðheima .....	5
Rýmingaráætlun leikskólans.....	6
Rýmingarteikning Goðheima .....	8
Neyðarpokinn .....	9

## Inngangur

Rýmingaráætlun þessi er gerð með leyfi leiksskólastjóra Jötunheima sem gaf leyfi fyrir því að nýta efni úr rýmingaráætlun sem upphaflega var unnin af Snorra Baldurssyni.

**Rýmingaráætlun á að yfirfara af stjórnendum fyrir hvert skólaár og kynna öllu starfsfólki**

## Rýmingaráætlanir

**Eldvarnir snerta alla – alla daga meira og minna.  
Heima, í vinnunni og nánast hvar sem er.**

Eldvörnum er oft skipt í tvo flokka þ.e. slökkvistarf og fyrirbyggjandi starf. Slökkvistarfið hefur það að markmiði að bjarga því sem bjargað verður eftir slys. Fyrirbyggjandi starfið hefur aftur á móti þann tilgang að forða slysum eða a.m.k. að draga úr þeim eins og unnt er. Þessum markmiðum er reynt að ná með byggingartæknilegum aðgerðum, fræðslu og æfingum. Einnig með björgunaráætlunum þ.m.t. rýmingaráætlunum. Á hverju ári er haldin brunaæfing þar sem viðbrögð eru æfð.

Það hefur margoft komið í ljós að afar litlar líkur eru til þess að menn bregðist rétt við, ef menn skyndilega standa frammi fyrir vanda sem skapast getur af eldsvoða, nema menn hafi gert sér grein fyrir hættunni og hugleitt viðbrögð. Best er að gera áætlun. Til þess að allir sem málið snertir geti unnið samstíga verður áætlunin að vera skrifleg og ef menn vilja vera vissir um að áætlunin sé raunhæf, þarf að prófa hana. Einnig er oft nauðsynlegt að æfa áætlanir, eða hluta þeirra, til að þær geti talist öruggar.

Afgerandi þáttur í framkvæmd rýmingar er tíminn. Því þarf að leita leiða til að hún taki sem allra stystan tíma. eins þarf að reyna að koma því þannig fyrir að hún geti hafist sem allra fyrst, eftir að hættuástand skapast.

**Þau atriði sem hafa þarf í huga við gerð rýmingaráætlunar eru m.a.:**

- ✓ Fólksfjöldinn.
- ✓ Hreyfigeta fólksins.
- ✓ Fjöldi aðstoðarfólks ef þörf er á og um er að ræða.
- ✓ Rýmingarleiðir.
- ✓ Söfnunarstaður og Lokastaður.
- ✓ Tíminn til rýmingar.

**Nauðsynlegt er að sem flest sjónarmið hinna ólíku hópa sem hafa með málið að gera komi fram.**

**Rýmingaráætlun** Við skulum líta á þau atriði sem meðal annars þarf að hafa í huga við gerð rýmingaráætlunar fyrir Leikskólann Goðheima sem stendur við Engjaland 21, 800 Selfoss

- Fólksfjöldinn:** Nemendur í Goðheimum eru 120 á haustönn 2023, þegar allir eru mættir. Starfsmenn eru þá u.þ.b. 40 þegar mest er, samtímis. Verður ekki betur séð en það sé vel mannað og með góðri samvinnu ætti rýming að ganga vel. Merkt er við þegar börn koma og fara í lpad deilda í Völu viðveru sem er rafræn inn og út skráning á viðveru nemenda. Mikilvægt er að lpad og farsími sé alltaf á sínum stað og allir viti hvar sá staður er. Í Völu viðveru eru einnig símanúmer hjá aðstandendum svo fljótlega er hægt að hringja og upplýsa um ástandið. Slíkur listi er í Ráðhúsi, svo hægt sé að fela starfsfólki þar að hringja út ef ástæða er til (þarf að athuga). Nafna- og tengiliðalisti er einnig í neyðarpokum.
- Hreyfigeta fólksins:** Telja verður að ung börn þurfi mikla aðstoð við að bjarga sér. Yngstu börnin eru um eins og hálfis árs þurfa mikla aðstoð. Eldri börnin þurfa einnig mikla aðstoð vegna vanhæfni að meta aðstæður.
- Fjöldi aðstoðarfólks:** Ekki ætti að vera nauðsynlegt að kalla til aðstoðarfólk vegna rýmingar. Það fólk sem er á staðnum ætti í öllum tilfellum að ráða við að rýma húsið. Það er fyrst þegar kemur að slökkvistarfi sem aðstoðar getur verið þörf.  
**Rýmingarleiðir:** Rýmingarleiðir í Goðheimum eru 2 úr hverju rými/herbergi sem eru 3 inni á öllum deildum. Rýmingarleiðir á öllum deildum eru þannig að hægt er að fara beint út á lóð/pall eða fara fram í fataherbergi þar sem gengið er út um útidyrhurð. Salerni á deildum og skólans eru ekki með neyðarútgangi beit út. Útgangar eru merktir með út-ljósum. Vegna þess að útidyrhurðir opnast út, þarf að gæta þess að ekki safnist snjór fyrir hurðirnar að vetrinum. Það á bæði við útidyrhurðir við hurðar sem opnast úr á sólpalla við deildir. Einnig þarf að gæta þess að ekkert innandyra sé þannig að það hindri aðkomu að neyðarútgangi t.d. húsgögn. Söfnunarstaður eru við horn lóða á sitthvorum enda skólans þar sem gengið er út af deildum. Yngri nemendur sem eru á Tungli, Sól og Stjörnu eru með söfnunarstað deilda á lóð sem ætluð er yngri nemendur skólans. Tungl safnast saman við körfurólu, Stjarna safnast saman við Kastala, Sól safnast saman við rólur Eldri nemendur sem eru á Norðurljósum, Regnboga og Sólstöfum eru með söfnunarstað deild á lóð sem ætluð er eldri nemendum skólans þar sem gengið er út af deildum. Norðurljós safnast saman við körfuboltasvæði, Regnbogi safnast saman við rennibraut á hól, Sólstafir safnast saman við eldstæði.
- Lokastaður:** Lokastaður er Sunnlækjaskóli (þarf að athuga – getur átt við ef um eld er að ræða) og hafa stjórnendur frumkvæði að því að kalla til hópferðabifreiðar til að koma fólki á milli staða.
- Tíminn til rýmingar:** Tími til rýmingar er ekki mikill, vegna þess að eldur þróast hratt ef ekkert er aðgert. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og þar af leiðandi á eldur að uppgötvast strax á byrjunarstigi, sem gefur meira svigrúm til rýmingar


**Boð frá brunaviðvörðunarkerfi:** Í skólanum er brunaviðvörðunarkerfi. Ef boð koma frá kerfinu er mjög mikilvægt að bregðast alltaf við og athuga hvað veldur boðunum. Hugsíð aldrei að einhver annar eigi að kanna málið, gangið alltaf **strax** úr skugga um að það hafi verið gert.

## LEIÐBEININGAR FYRIR NSC brunastöð


### ELD ÁSTAND.

Þegar stjórnstöðin skynjar eld hringja bjöllur í húsinu. Rautt ljós merkt ELDUR logar á stöðinni. Textinn ALARM birtist á skjá.

Staðsetningartexti ásamt númeri skynjarans birtast á skjá. Nákvæma staðsetningu má sjá á yfirlitsmynd.


Á skjánum fyrir ofan hnappinn  eru upplýsingar um fjölda eldboða. Hægt er að fletta og sjá fleiri boð með örvatókkunum.

RAUTT LJÓS KVIKNAR Á ÞEIM SKYNJARA/HANDBOÐA SEM VELÐUR ELDÚTKALLI.


Þegar búið er að stöðva bjöllur með hnapp merktum , skal finna þann skynjara sem olli boðinu. Ef stöðin biður um staðfestingarkóða, skal slá inn 0000 og OK.

### MIKILVÆGT ER AÐ FINNA VIÐKOMANDI SKYNJARA ÁÐUR EN STÖÐIN ER ENDURSETT.

Þegar búið er að reykraesta rýmið / skynjarann eða skipta um gler í handboða, má

endursetja stöðina með hnapp merktum  (Endursetning).


Ef að hinsvegar eldur er laus í húsinu skal ræsa bjöllur að nýju með því að brjóta gler


í næsta handboða eða þrýsta aftur á hnapp merktan  á stjórnstöð.

ATH: Ef handboðagler er brotið verður að skipta um glerið áður en reynt er að endursetja stöðina, annars fer kerfið aftur í útkall.

### BILUNAR ÁSTAND.


Ef einhver bilun verður í kerfinu fara vælur í stjórnstöð og í gang. Hægt er að stöðva

vælur með rofa merktum .

Á skjánum fyrir ofan hnappinn  má sjá fjölda bilana í kerfinu. Með því að þrýsta á hnappinn má sjá bilanir og fletta með örvatókkunum.

## Athugið!

### Brunaviðvörðunarkerfið er tengt vaktstöð.

**Raunveruleg eldboð:** Ef um eld er að ræða, skal ræsa bjöllur með því að brjóta gler á næsta handboða eða þrýsta aftur á hnapp merktan  á stjórnstöð þegar í stað. Þá fara bjöllur aftur í gang og eiga þá allir að vita að hætta er á ferðum og skal þegar í stað setja í gang rýmingaráætlun. Hikið aldrei við að rýma húsið ef minnsti grunur er um að þess þurfi. Betra er að taka ákvörðun um rýmingu fyrr en seinna.

Jafnvel þó takist að slökkva eldinn strax getur verið nauðsynlegt að leita aðstoðar slökkviliðs, til að reykraesta húsið og meta hvort hætta er á frekari eldi.

Mikilvægt er að skrá öll boð í **þjónustubók** sem fylgir kerfinu.


## Rýmingaráætlun leikskólans

**Stjórnun:** Mikilvægt er að alltaf sé á hreinu hver á að stjórnna. **Skal það vera æðsti stjórnandi eða staðgengill hans.** Mikilvægt er að stjórnna þannig að ekki fari milli mála hver stjórnar.

**Röð á aðgerðum:**

- Hringja: Kalla til aðstoð.** Ef allt er með feldu er hringt frá vaktstöð til að kanna hvað valdi eldboðum. Svarið símanum ef mögulegt er, það flýtir fyrir. **Ef ekki er hringt, skal strax gera ráðstafanir til að kalla til aðstoð.**
  - Samræmt neyðarnúmer 112**
  - Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið.**
  - Takið fram ef einhver hefur slasast.**
  - Tilgreinið hvaða hús er um að ræða.**
- Bjarga:** Rýming fer fram við önnur boð viðvörunarbjöllu. Starfsmenn taka **lpad/kladda, farsíma og neyðarpoka** (sjá bls 9) með sér út. Mikilvægt er að starfsmaður sjái um þann hóp sem viðkomandi er að kenna hverju sinni. Sá sem síðastur fer út úr hverri stofu skal **loka öllum dyrum** til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds og reyks eins og hægt er. Mikilvægt er að allir fari síðan á söfnunarstað og þar fari fram nafnakall eftir viðveru í Völu/ kladda. Ekki er heimilt að yfirgefa staðinn fyrr en stjórnandi gefi leyfi til þess. Ef í ljós kemur við **nafnakall** að einhvernt vantar er mikilvægt að þær upplýsingar berist strax til Neyðarlínu og slökkviliðs. Yfirmaður hefur samband við rútufyrirtæki til að biðja um flutning á lokastað og hringir síðan í Ráðhúsið og biður um að hringt sé í foreldra barnanna hafi það ekki þegar verið gert.
- Slökkva:** Þegar stjórnandi sér að 1. og 2. liður á planinu eru að klárast og ef einhver er tiltækur skal hefja slökkvistarf. **Rjúfið straum af húsinu ef hægt er að komast að rafmagnstöflunni.**
- Rafmagnstafla:** er í miðrymi hússins í starfsmannainngangi bak við korktöflu. Í töflunni er stórt handfang neðst niðri. Því er ýtt niður og þá rofnar straumur á öllu húsinu.
- Slökkvitæki** eru í forstofum deilda, tvö á gangi í miðrymi og í eldhúsi. Brunaslöngur eru í fataherbergi við inngang deilda, hver og einn á að kynna sér hvar slökkvibúnaður er staðsettur.
- Slökkvilið kemur á staðinn:** Yfirmaður gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
- Láta foreldra vita.** Hafa samband (eftir nafnalista) við foreldra / forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburðinn berist eftir réttum leiðum.
- Sálrænn stuðningur.** Leikskólastjóri metur hvort leita þurfi eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og/eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.

Í eldsvoða skipta fyrstu viðbrögð sköpum



Þegar og ef bjöllur fara aftur í gang **HÆTTA!** **ALLIR ÚT!**

Kerfið er tengt vaktstöð. Eftir smá stund er hringt frá vaktstöðinni til að kanna hvað valdi boðunum. Svarið símanum ef mögulegt er og segið frá ástandinu. Símanúmer Öryggismiðstöðvar er 530-2400.

<b>1</b>	<p>Ef ekki er hringt frá vaktstöð.</p> <p><b>Hringja:</b> Samræmt neyðarnúmer er 112. Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið. Tilgreinið húsnúmer, götu og sveitarfélag.</p>
<b>2</b>	<p><b>Bjarga:</b> Bjargið sjálfum ykkur og nemendum. Kennari sér um sinn hóp og hefur nafnakall úti á söfnunarstað deildar. Mikilvægt að taka iPad og neyðarpoka með út. Verið viss um að allir komist út, börn geta falið sig víða.</p>
<b>3</b>	<p><b>Slökkva:</b> Þegar rýmingu er lokið skal huga að slökkvistarfi.</p>

# GÓÐHEIMAR - RÝMINGARTEIKNING



**SKÝRINGAR**

- ÞU ERT HÉR
- Sökkvitlasi
- Handboði
- Brunastanga
- Merktur útgangur
- Sálfunarsvaði
- Rýmingarsíðr

**VIÐBRÓÐ VID ELDSVOÐA**

- 1 LÁTTU VITA**  
 Yðu á næsta handboða og láttu fólk í kringum þig vita.  
 Hringdu strax í 112
- 2 REYNDU AD SLOKKVA**  
 Reyndu að slökva eldinn með stökum þúndri.  
 TAKTU ENGA ÁHÆTTU!
- 3 HJÁLPAÐU BÖRNUNUM**  
 Farðu með börnin sem eru á þínu svæði á sálfunarsvaði.  
 Líkjaðu öllum hæðum á eftir þér.  
 Ekki eyða tíma í að taka persónulegar eigur.  
**ÞEKKI SETJA SÁLFAHNGIÐ INNÉTTU!**  
 Öskulettir og að fara aftur inn í bygginguna fyrir en formlegt sýki telur vott veit.

**VIÐBRÓÐ VID SLYSUM**

- 1 TRYGGÐU ÖRYGGI**  
 Tryggðu öryggi og reyndu að koma í veg fyrir frekan slys.  
 Hringdu ekki síðar en í bygginguna næðstgjafa krefji.
- 2 TILKYNNTU**  
 Ef þú ert á útanríkislandi þóttu þú.  
 Hringdu strax í **112**.
- 3 AÐSTOÐAÐU**  
 Veittu fyrstu hjálpu.  
 Húðu að löngum stöðum þar til hjálpu berst.  
 Tilkyntu sjúki til næsta yfirmanns.

**NEYÐARLÍNAN**



# Neyðarpokinn



Neyðarpokarnir er staðsettir inni á öllum deildum, í Geislabaugi, Glitskýi 1 og Glitskýi 2

## Innihald neyðarpokans:

- Nafna- og tengiliðalistar
- Viðbragðsspjöld
- Rautt og grænt spjald
  - Rautt spjald: Einhvern vantar eftir nafnakall.
  - Grænt spjald: Engan vantar eftir nafnakall.
- Álteppi
- Flísteppi
- Bréfpurrkur
- Plástrar